

Reykjavík, 16. júní 2023

Varðar:

## Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2023

### Tillaga að skipun starfshóps

Á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst, eða sem næst þeim degi, á hverju ári eru veittar viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa.

Auk þess hafa á undanförunum árum verið veittar viðurkenningar fyrir vel útfærð svæði fyrir utan verslanir við „sumargötur“, þ.e. götur sem eru göngugötur á sumrin.

Ekki er um að ræða verðlaun í formi fjármagns, heldur er eingöngu verið að veita viðurkenningu og hrósa viðkomandi eigendum/lóðarhafa fyrir þeirra framlag til þess að bæta og fegra borgarmyndina og standa vörð um okkar sameiginlegu byggingararfleið.

Vinnuhópurinn fyrir árið 2023 skipa eftirtaldir aðilar:

#### Fyrir endurbætur á eldri húsum:

Sólveig Sigurðardóttir, arkitekt (USK)

Bjarki Þ. Wíum, ráðgjafi í viðhaldi og viðgerðum eldri húsa (Borgarsögusafn)

#### Fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna:

Hrönn Valdimarsdóttir, landslagsarkitekt (USK)

Marta María Jónsdóttir, landslagsarkitekt (USK)

Starfshópurinn mun auglýsa opinberlega eftir tilnefningum og ábendingum frá borgarbúum um verðug verkefni.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri